

# JÓNSMESSUHÁTÍÐIN Á EYRARBAKKA

## 23. JÚNÍ 2018

- Kl. 08:30 **Fánar dregnir að húni**
- Kl. 09:00–11:00 **Morgunverður í Hallskoti**  
Skógræktarfélag Eyrarbakka býður til morgunverðar og samverustundar í skóg-ræktinni, sem félagið annast um í Hallskoti. Ekið um Sólvangs- og Flóagafsvæg.
- Kl. 09:00–22:00 **Verslunin Bakkinn**  
Verslunin verður opin til kl. 22:00. Frír ís fyrir börnin um miðjan daginn.
- Kl. 10:00–16:00 **Drög að Fangelsisminjasafni Íslands á Stað**  
Á Eyrarbakka er elsta starfandi fangelsi landsins og undanfarin ár hefur ýmsum munum og skjölum sem tengjast sögu fangelsa á Íslandi verið safnað. Saga fangelsa er merk saga sem ekki má gleymast.  
*Sýningin einnig opin á sama tíma sunnudaginn 24. júní.*
- Kl. 11:00–13:00 **Eldsmíðafélag Suðurlands**  
Félagar í Eldsmíðafélaginu bjóða gestum að kíkja við í húsi félagsins við Túngötu og skoða afl og steðja. Valinkunnir eldsmiðir verða á staðnum og segja frá.
- Kl. 11:00–17:00 **Laugabúð**  
Búðin opin og þar verður ýmislegt rífað upp frá 100 ára sögu hennar. Hinn sívinsæli bókamarkaður verður í kjallaranum. Óvænt tilboð í tilefni dagsins.
- Kl. 11:00–18:00 **Söfnin á Eyrarbakka**  
Opið í Byggðasafni Árnesinga í Húsinu, Sjóminjasafninu og Kirkjubæ. Í borðstofu Hússins og í Hjallinum er sýning Ástu Vilhelminu Guðmundsdóttur **Marþræðir**. Ratleikur er í boði allan daginn. Í hjallinum norðan við Húsið er seinni hluti sýningarinnar Marþræðir og þar býður listamaðurinn Ásta uppá seyði og söl kl. 14. **Ókeypis aðgangur.**
- Kl. 11:00 **Leikhópurinn Lotta við Sjóminjasafnið**  
Leikhópurinn Lotta skemmtir ungum sem öldnum með söngvasyrpu.
- Kl. 11:30–13:00 **Hestar og hressing á Garðstúninu**  
Teymt verður undir börnum og þau fá hressingu að venju.
- Kl. 12:00–14:00 **Bogfimi á Garðstúninu**  
Að hætti Hróa hattar fá þátttakendur boga og örvar og berjast við fógetann í Skírisskógi í stuttum leikjum í líkingu við skotbolta. Aldurstakmark 10 til 98 ára.
- Kl. 12:00–21:00 **Rauða húsið**  
Á veitingastaðnum Rauða húsinu er tveggja rétta Jónsmessutilboð með humarsúpu eða nautacarpaccio í forrétt og hægeldað lambaprime með gulrótum, sellerfrót, kartöflum og rauðvínssósu á 6.150 kr. Tveir fyrir einn eftirréttr. Kjallarinn er opinn frá kl. 12. Eldhúsið er opið til kl. 21. Pizza með þremur áleggs-tegundum á 2.000 kr. Leikirnir á HM á breiðtjaldi og gleðistund kl. 16–18.
- Kl. 13:30 **Dansgjörningur á lóðinni við Húsið**  
Japanski hreyfilistamaðurinn og butoh-meistarinn **Mushimaru Fujieda** er þekktur víða um heim og í dansi sínum leggur hann áherslu á slökun huga og líkama.
- Kl. 14:00–16:00 **Heimboð á þrjá staði**  
Íris og Karl á Óseyri bjóða gestum að líta inn á heimili sitt við Flóagafsvæg. Vigdís í Bræðraborg, Eyrargötu 40, býr í húsi frá 1939 og hlakkar til að fá gesti. Sigurlaug í Norðurkoti heldur upp á 120 ára afmæli hússins á hátíðinni.
- Kl. 14:00–16:00 **Sólvangur – Miðstöð íslenska hestsins**  
Opið hús á Sólvangi. Þar verður boðið uppá kaffi, kleinur og djús og hesthúsið opið fyrir þá sem hafa áhuga á íslenska hestinum.
- kl. 17:00–18:00 **Eyrarbakki fullveldisárið 1918**  
Stutt söguganga um hluta Eyrarbakka, þar sem horft verður aftur í tímann um 100 ár. Magnús Karel Hannesson leiðir gönguna sem hefst við samkomuhúsið Stað.
- Kl. 20:00–21:21 **Samsöngur í Húsinu**  
Heimir Guðmundsson leikur undir söng á elsta píanó á Suðurlandi. Sungið verður úr skólaljóðunum og hver syngur með sínu nefi.
- Kl. 22:00 **Jónsmessubrenna**  
Að venju verður Jónsmessubrenna í fjörunni vestan við Eyrarbakka. Að þessu sinni ávarpar Guðmundur Brynjólfsson rithöfundur samkomugesti. Bakkabandið heldur svo uppi fjörunu meðan menn endast.
- Kl. 22:00–04:00 **Kjallarinn á Rauða**  
Grétar á Sólvangi spilar fyrir okkur fram á kvöldið. Aldurstakmark 18 ára.

**Björgunarsveitin Björg býður ungum og öldnum að veiða frítt í Ölfusárósi fyrir landi Eyrarbakka dagana 22. til 24. júní 2018.**

*Jónsmessuhátíðin er styrkt af Sveitarfélaginu Árborg, Björgunarsveitinni Björg, Ungmennafélagi Eyrarbakka, Slysavarnaeildinni Björg á Eyrarbakka, Rauða húsinu og Versluninni Bakkannum.*